

Úrskurður
áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 3/2010

Valitor hf.

gegn

Samkeppniseftirlitinu

I.

Hinn 18. janúar 2010, kærði Valitor hf. (hér eftir nefndur áfrýjandi) ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, frá 5. janúar 2010 um að synja áfrýjanda um aðgang að upplýsingum um nöfn viðskiptamanna og verð sem tilgreind voru í kvörtun Borgunar hf. til Samkeppniseftirlitsins dagsett 12. júní 2009.

Áfrýjandi krefst þessað hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og lagt verði fyrir Samkeppniseftirlitið að veita áfrýjanda aðgang að umkröfðum upplýsingum.

Samkeppniseftirlitið krefst þessað hin kærða ákvörðun verði staðfest.

II.

Málsatvik eru þau að þann 12. júní 2009 lagði Borgun hf. fram skriflega kvörtun til Samkeppniseftirlitsins þar sem félagið sakaði áfrýjanda um að hafa brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga í starfsemi sinni og gegn sátt við eftirlitið sbr. ákvörðun þess nr. 4/2008. Í framhaldi framkvæmdi Samkeppniseftirlitið húsleit í höfuðstöðvum áfrýjanda.

Áfrýjandi óskaði eftir aðgangi að öllum gögnum vegna húsleitarbeiðninnar. Samkeppniseftirlitið afhenti honum umbeðin gögn að frátöldum kafla nr. 5.3.2 í kvörtun Borgunar hf. en sá kafli var felldur út vegna trúnaðar. Samkeppniseftirlitið hafnaði beiðni áfrýjanda um að trúnaði yrði aflétt af kaflanum og kærði áfrýjandi þá ákvörðun til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Áfrýjunarnefndin kvað upp úrskurð í máli nr. 17/2009 *Valitor hf. gegn*

Samkeppniseftirlitinu þann 4. desember 2009. Þar var ákvörðun Samkeppniseftirlitsins felld úr gildi og lagt fyrir eftirlitið að taka á ný afstöðu til kröfu áfrýjanda í samræmi við úrskurðinn.

Eftir að niðurstaðan lá fyrir endurskoðaði Samkeppniseftirlitið afstöðu sína í samræmi við forsendur úrskurðarins. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dagsett 5. janúar 2010, til áfrýjanda var gerð grein fyrir endurskoðaðri afstöðu eftirlitsins og var honum afhent afrit af kafla 5.3.2. úr kvörtun Borgunar hf. þar sem tiltekna persónugreinalegar upplýsingar voru fjarlægðar, t.d. nöfn viðskiptamanna og verð félagsins.

III.

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð Samkeppniseftirlitsins um kæru áfrýjanda barst 26. janúar 2010. Athugasemdir áfrýjanda við greinargerðinni bárust 29. janúar 2010 og athugasemdir Samkeppniseftirlitsins við þeim bárust 3. febrúar 2010.

IV.

Málsástæður áfrýjanda

Af hálfu áfrýjanda er að mestu vísað til sömu málsástæðna og hann byggði á í máli áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 17/2009. Áfrýjandi áréttar þó nokkur atriði til viðbótar þeim sjónarmiðum sem þar komu fram. Hann telur að hann eigi rétt á því að fá upplýsingar um viðskiptavinum í bréfi Borgunar hf. og m.a. með vísan til þess að hann geti ekki gætt hagsmuna sinna þar sem hann sé ásakaður um sértæka verðlækkun og verði að fá að vita nöfn viðskiptavina. Að honum sé nauðsynlegt að fá þessar upplýsingar svo mögulegt sé t.d. að bera saman hvort sambærilegum viðskiptavinum hafi verið boðin sambærileg kjör eða aðrar hlutlægar ástæður liggja að baki viðskiptum eða tilboðum. Hann bendir á að svo miklu leyti sem hann geti áttað sig á umfjöllun í kvörtun á grundvelli þeirra upplýsinga sem hann hafi þegar fengið aðgang að þá sé hér um rangar ásakanir að ræða og gefi það tilefni til að ætla að aðrar ásakanir í kvörtun séu einnig rangar. Áfrýjanda sé gert ómögulegt að koma á framfæri andmælum sínum og þar með aðstoðað

Samkeppniseftirlitið við rannsókn málsins án þeirra upplýsinga sem haldið sé trúnaði yfir.

Málsástæður Samkeppniseftirlitsins

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er vísað til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 17/2009. Eftirlitið bendir á það sem þar komi fram en þar segi m.a.:

„Áfrýjunarnefndin telur að upplýsingar um einstök nöfn viðskiptamanna eða þeirra sem fengu tilboð frá áfrýjanda falli undir ákvæðin í 17. gr. stjórnarsýslulaga og 16. gr. málsmeðferðareglna eftirlitsins, a.m.k. á því stigi sem þetta mál er nú. Þegar Samkeppniseftirlitið ákveður hvort útbúið verði andmælaskjal reynir síðan á hvaða gögn verða því til stuðnings og geta skapast nýjar aðstæður til að meta hvaða áhrif takmörkun á upplýsingarétti hafi.“

Samkeppniseftirlitið telur að af þessu megi sjá að áfrýjunarnefndin hafi tekið afstöðu til þessa álitaefnis með skýrum hætti. Varðandi andmæla- og upplýsingarétt áfrýjanda að öðru leyti vísast til þeirra sjónarmiða sem Samkeppniseftirlitið setti fram í máli áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 17/2009.

V.

Niðurstaða

Eins og fram kemur í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar frá 4. desember 2009 telur nefndin að upplýsingar um nöfn einstakra viðskipta- eða heimildarmanna Borgunar hf. hafi fallið undir 17. gr. stjórnarsýslulaga og samsvarandi undanþágu 16. gr. málsmeðferðareglna Samkeppniseftirlitsins. Hafi því ekki verið skylt að veita upplýsingar um nöfn eða aðrar persónugreinanlegar upplýsingar. Hins vegar taldi nefndin að ekki væri ástæða til að synja fyrir aðgang að öðrum upplýsingum sem greindi í kvörtun Borgunar hf.

Lagt var fyrir Samkeppniseftirlitið að taka á ný afstöðu til kröfu áfrýjanda í þessu ljósi. Það var gert og afhenti eftirlitið áfrýjanda kvörtun Borgunar hf. á ný án nokkurra annarra

takmarkana á upplýsingum en að því leyti sem sneri að nöfnum heimildarmanna Borgunar hf. og verði á þjónustu fyrirtækisins.

Að mati áfrýjunarnefndarinnar hefur Samkeppniseftirlitið uppfyllt þær efnislegu forsendur sem voru fyrir ákvörðun áfrýjunarnefndarinnar í máli 17/2009. Þær málsástæður sem áfrýjandi teflir fram fyrir kröfum sínum eru haldlausar. Í fyrsta lagi hefur áfrýjunarnefndin áður tekið afstöðu til sjónarmiða varðandi nafnleynd og persónugreinanlegar upplýsingar í málinu. Í öðru lagi færir áfrýjandi fram ýmsar röksemdir sem snúa að efnislegu réttmæti þeirra kvörtunarefna sem Borgun hf. hefur fært fram og ágreiningi um afhendingu gagna sem m.a. var leyst úr með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 663/2009. Krafa áfrýjanda snýr hins vegar eins og áður segir að því að afhenda beri upplýsingar um nöfn og verðtilboð sem tilgreind eru í kvörtun Borgunar hf. Áfrýjunarefndin hefur áður tekið afstöðu til þess atriðis og er ekkert komið fram af hálfu áfrýjanda sem breytir þeirri afstöðu.

Kröfum áfrýjanda verður því hafnað.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 5. janúar 2010 þess efnis að neita áfrýjanda um aðgang að upplýsingum um nöfn og verð í kvörtun Borgunar hf. er staðfest.

Reykjavík, 9. febrúar 2010

Jóhannes Karl Sveinsson

Anna Kristín Traustadóttir

Stefán Már Stefánsson

Rétt endurrit staðfestir: